

**151. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 23. mars 2016 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Halla Steinólfsdóttir (HS) formaður, Guðríður Þorvarðardóttir (GP) varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir (AJ), Erla Friðriksdóttir (EF), Eiríkur Snæbjörnsson (ES), Magnús A. Sigurðsson (MAS), Sigurður Þórólfsson (SP) og Trausti Baldursson (TB).

*Fundarritari:* Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

**Orkuöflun í Flatey**

Sölvi Sólbergsson kynnti hugmyndir Orkubús Vestfjarða um aðferðir til orkuöflunar í Flatey. Í dag er orka framleidd með díselvélum sem geymdar eru í gám nærri hafnarsvæðinu. Í skoðun eru mismunandi aðferðir sem snúa að öflun grænnar orku. Sölvi óskaði eftir afstöðu Breiðafjarðarnefndar til hugmynda Orkubús Vestfjarða.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd þakkar kynninguna og telur sjálfsagt að kanna möguleika á grænum lausnum í orkuöflun fyrir Flatey en tekur ekki afstöðu til einstakra hugmynda á þessu stigi.

**Fundargerð 150. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

**Hlunnindabæklingur – yfirfarinn texti**

**Afgreiðsla:**

TM aðlagar textann að þeim athugasemdum sem borist hafa. Samþykkt að óska eftir því að Árni Snæbjörnsson fari lokayfirferð yfir textann. Textinn sendur til enskumælandi aðila til yfirferðar að því loknu.

**Verndarsvæði Breiðafjarðar á lista Ramsar**

GP og TB gerðu grein fyrir hvað Ramsar felur í sér. Um er að ræða náttúruverndarsamning sem kemur inn á votlendisvernd og á meðal annars við hafsvæði niður á 6 m dýpi. Í upphafi var fyrst og fremst miðað við votlendisfugla en hefur síðar færst yfir í skynsamlega og sjálfbæra nýtingu á votlendissvæðum almennt. Þegar ríki gerast aðilar að þessum samning skuldbinda þau sig til þess að fara vel með votlendi. Ríki sem eru aðilar að samningnum skuldbinda sig til þess að tilnefna svæði á listann. Á Íslandi eru sex Ramsar svæði.

Tilnefning Breiðafjarðar á lista Ramsar hefði ekki stórkostlegar breytingar í för með sér fyrir Breiðafjörð. Tilnefning festir í formi að Breiðafjörður sé svæði sem njóti sérstakrar verndar og því eigi að stýra með ákveðnum hætti.

Skila þarf inn skýrslum fyrir þau svæði sem tilnefnd eru sem verndarsvæði Ramsar þar sem upplýst er um ástand svæðisins og hvort einhverjar hættur séu yfirvofandi. Safna þarf upplýsingum um sérstöðu, gera grein fyrir ákveðnum viðmiðum sem skilgreind eru

af Ramsar og afla upplýsinga um náttúruvar. Ráðuneyti er umsóknaraðili og sér um undirbúning að tilnefningu svæðisins í samvinnu við viðkomandi aðila.

**Afgreiðsla:**

Mikilvægt er að kynna þessa hugmynd vel fyrir íbúum, landeigendum og sveitarfélögum sem svæðinu tilheyra. Samþykkt að senda bréf á sveitarfélögin við Breiðafjörð þar sem hugmynd Breiðafjarðarnefndar um að óska eftir því við ráðherra að tilnefna Breiðafjörð sem Ramsarsvæði verður kynnt. Óskað verður eftir athugasemdum sveitarfélaga fyrir 15. maí.

**Verndar- og nýtingaráætlun – hvaða verkefni eru brýnust?**

Samantekin áætlun yfirfarin.

**Afgreiðsla:**

Samþykkt að TM taki áætlun saman m.t.t. þess hver staða verkefna er. Senda áætlunina á nefndarmenn fyrir næsta fund þar sem þeir bæta inn verkefnum og huga að forgangs röðun.

**Fjármál nefndarinnar 2016**

TM kynnti rekstrarstöðu nefndarinnar.

**Afgreiðsla:**

Yfirfarið og ekki gerðar athugasemdir.

**Svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð**

Kynnt voru viðbrögð sveitarfélaga við hugmyndum nefndarinnar um sameiginlega vinnu að svæðisskipulagi fyrir Breiðafjörð. Fjögur sveitarfélög hafa svarað erindi nefndarinnar, Snæfellsbær, Reykhólahreppur, Vesturbyggð og Dalabyggð.

**Afgreiðsla:**

Samþykkt að fresta umræðunni.

**Saga Breiðafjarðar – erindi í Stykkishólmi**

Sverrir Jakobsson óskaði eftir að halda erindi um nýútkomna bók sína „Saga Breiðafjarðar I“ í samstarfi við Breiðafjarðarnefnd og Norska húsið.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd tekur vel í erindið og samþykkir að leggja verkefninu lið.

**Önnur mál**

Gilles Chen, franskur mastersnemi við Paris-Saclay háskólann og sumarstarfsmaður hjá Háskólasetri Snæfellsness kynnti rannsóknir sínar á Breiðafirði. Hann stefnir að því að skrá og greina hefðbundna þekkingu æðarbænda á náttúru, umhverfi og staðháttum, svo nýta meg þessa þekkingu í vistfræðirannsóknir. Rannsóknir hans munu byggjast á viðtölum við æðarbændur.

**Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 14:00. Næsti fundur er áætlaður 28. apríl 2016.**